

## Lagabreytingatillögur lagðar fyrir aðalfund Verkfræðingafélags Íslands 11. apríl 2019

### Núgildandi 11. grein. (Það er varðar verkefni stjórnar og ábyrgð)

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn skal jafnframt annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sem eru á ábyrgð félagsins. Stjórn tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24. gr.

### Ný 11. grein (Það er varðar verkefni stjórnar og ábyrgð. – Bætt við að stjórn ráði endurskoðanda í stað þess að hann sé kjörinn á aðalfundi).

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. **Stjórn ræður endurskoðanda** og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sem eru á ábyrgð félagsins. Stjórn tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24. gr.

### Núgildandi 19. grein. (Það er varðar dagskrá aðalfundar).

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál, í þessari röð:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins, þ.m.t. reikninga deilda og sjóða félagsins, fyrir undanfarandi starfsár lagðir fram til samþykkis
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar
6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns
7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi
9. Laun formanns og stjórnarmanna
10. Laga- og reglugerðarbreytingar
11. Önnur mál

### Ný 19. grein. (Það er varðar dagskrá aðalfundar, 6. liður. Kjörnir verða tveir skoðunarmenn í stað eins áður).

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins, þ.m.t. reikninga deilda og sjóða félagsins, fyrir undanfarandi starfsár lagðir fram til samþykkis
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar

**6. Kjör tveggja skoðunarmanna.**

7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi
9. Laun formanns og stjórnarmanna
10. Laga- og reglugerðarbreytingar
11. Önnur mál